

## Samantekt á starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tímum COVID-19

Þær samkomutakmarkanir sem fyrst voru settar á í mars 2020 settu hefðbundið tónleikahald Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr skorðum. Hljómsveitin brást strax við með fjölbreyttu tónleikahaldi í streymi á vefnum, og hefur síðan lagað sig að aðstæðum hverju sinni með margvíslegri miðlun tónlistar, bæði með smærri tónleikum og fjölbreyttri dagskrá í sjónvarpi og útvarpi, á vef og samfélagsmiðlum. Í þessari samantekt er farið yfir starfsemi hljómsveitarinnar frá því að samkomutakmarkanir tóku gildi.

### Tónleikahald með og án áheyrenda

- Sí hefur staðið fyrir yfir 50 tónleikum frá því samkomutakmarkanir voru settar á.
- Sjö tónleikum hefur verið sjónvarpað í beinni á RÚV og er uppsafnað áhorf samtals 381.271.
- 17 tónleikum hefur verið streymt á vef Sí og Youtube úr safni Sí, þar af hefur 12 tónleikum verið sjónvarpað á RÚV 2. Uppsafnað áhorf á öllum miðlum er 162.341.
- Fræðslu- og samfélagsstarfi hefur haldist öflugt með skólatónleikum, útitónleikum, Ung-Yrkju og hljómsveitarstjóra-akademíu.
- Rás 1 hefur sent út frá 13 tónleikum, endurfluttum og í beinni. Valdar upptökur hafa verið fluttar á erlendum útvarpstöðvum t.d. BBC.
- 25 heimsendingum (hljóðfæraleikara leika að heiman) hefur verið deilt á samfélagsmiðlum (Facebook og Instagram). Heildaráhorf eru um 600.000 og deilingar og like um 60.000. Mest horfðu 136.000 á eitt myndiband en að meðaltali voru um 25.000 áhorf á hvert myndband.
- Ímynd Sí hefur haldist óbreytt milli ára þrátt fyrir heimsfaraldurinn.
- Gagnvirkni á samfélagsmiðlum hefur aukist mikið á tímum COVID-19 t.d. hafa meðal snertingar (engagements) á dag farið úr 3.300 í 7.600 á Facebook.

### Heima í Hörpu

Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa og Íslenska óperan tóku höndum saman og buðu upp á lifandi tónlistarstreymi úr Eldborg flesta morgna á fyrstu vikum samkomubannsins. Tónleikunum var streymt á Facebook-síðu Hörpu og Sinfóníunnar, menningarvef RÚV og á RÚV 2. Sinfóníuhljómsveit Íslands sendi frá sér 15 streymistónleika á tímabilinu 23. mars – 29. apríl 2020.

### Hádegistónleikar í Hörpuhorni

Með rýmkuðum samkomutakmörkunum í maí 2020 var blásið til ókeypis hádegistónleika í Hörpuhorni með fjölbreyttri og lifandi efnisskrá þar sem hljóðfæraleikarar Sí léku kammertónlist fyrir takmarkaðan fjölda áheyrenda. Haldnir voru fernir tónleikar í vikunni 10.-16. maí og komu alls 368 gestir.

### *Sjónvarpstónleikar í samstarfi við RÚV*

Sinfóníuhljómsveitin hefur í samstarfi við Stúdíó Sýrland og RÚV framleitt sjö sjónvarpstónleika sem sýndir hafa verið í beinni útsendingu á RÚV:

- ◇ Hallveig Rúnarsdóttir og Sinfóníuhljómsveit Íslands 14. maí, stjórnandi Bjarni Frímánn Bjarnason
- ◇ Páll Óskar Hjálmtýrsson og Sinfó 28.maí, stjórnandi Bjarni Frímánn Bjarnason
- ◇ Víkingur Heiðar Ólafsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands 4. júní, stjórnandi Daníel Bjarnason
- ◇ Til hamingju með afmælið Beethoven! 11. september, stjórnandi Bjarni Frímánn Bjarnason
- ◇ Beethoven-veisla með Víkingi Heiðari Ólafssyni 17. september, stjórnandi Eva Ollikainen
- ◇ Örlagasinfónían 23. september, stjórnandi Eva Ollikainen

Á öllum þessum tónleikum var unnt að vera með áheyrendur í sal, flesta á tónleikum 28. maí, 4. júní og 17. september, eða á milli 500-600 manns.

Árlegt samstarfsverkefni SÍ og RÚV „Klassíkin okkar“ fór fram án áheyrenda í sal föstudaginn 4. september þar sem afmælum þessara systra stofnana var fagnað í tali og tónum. Fram komu Dísella Lárusdóttir, Elmar Gilbertsson, Sigríður Thorlacius, Emilíana Torrini, Sigurður Guðmundsson, Mótettukór Hallgrímskirkju. Kynnar voru Guðni Tómasson og Halla Oddný Magnúsdóttir og hljómsveitarstjóri var Daníel Bjarnason.

### *Gleðistundir*

Eftir rýmkun samkomutakmarkana í september bauð SÍ upp á sérsniðna kammertónlistardagskrá undir merkjum Gleðistunda, þar sem aðgangur var ókeypis. Haldnar voru tvær Gleðistundir síðdegis föstudagana 11. og 18. september í Bergmálsrými á fyrstu hæð Hörpu áður en samkomutakmarkanir voru hertar á ný, þar sem gestir gátu notið létttra veitinga og tónlistar í afslöppuðu umhverfi. Yfir 100 gestir sóttu hvorn viðburð.

### *Sælustraumar*

Þegar samkomutakmarkanir voru enn hertar í lok október 2020 og aflýsa þurfti tónleikum tók SÍ þátt í streymisverkefninu Sælustraumum í samstarfi við Hörpu. Haldnir voru tvennir Sælustraumatónleikar á vefnum, þann 28. október og 4. nóvember, þar sem hljómsveitin bauð m.a. upp á óskalög, t.a.m. frá hjúkrunarfræðingi á COVID-deild Landspítalans og umsjónarmanni spálíkans Háskóla Íslands um þróun farsóttarinnar. Báðir Sælustraumar rötuðu á menningarsíðu RÚV og horfðu yfir 7000 manns á fyrri útsendinguna, en tölur liggja ekki enn fyrir um þá síðari. Einnig var hrundið af stað miðlunarverkefni á upptökum úr safni SÍ undir merkjum „Óskalaga frá Sinfóníunni“, þar sem tónlistarunnendum víða úr samfélaginu gefst kostur á að biðja um „óskalög“ sem síðan birtast á vef og samfélagsmiðlum.

### *Hádegistónleikar Sinfóníunnar*

Þann 1. október fóru fram hádegistónleikar þar sem leikin var Serenaða eftir Dvorak fyrir tréblásara, selló og kontrabass undir stjórn Evu Ollikainen. Um 370 manns sóttu tónleikana og var aðgangur ókeypis.

### *Streymistónleikar Denis Kozhukhin*

Þegar ljóst var að aflýsa þyrfti tónleikum hljómsveitarinnar þann 8. október, hafði rússneski píanóleikarinn Denis Kozhukhin þegar dvalið í viku á Íslandi í sóttkví og að henni lokinni æft með hljómsveitinni fyrir fyrirhugaða tónleikana. Brugðið var á það ráð að taka upp einleikstónleika með Denis og streyma þeim var á vefnum í staðinn. Einnig var upptaka birt í Menningunni á Rúv ásamt viðtali við Denis.

## **Fræðslu- og samfélagsstarf**

### *Streymistónleikar fyrir skóla*

Þann 7. maí fóru fram skólatónleikar í Eldborg þegar að Harpa opnaði dyr sínar aftur vegna rýmkunar á samkomutakmörkunum. Tekið var á móti nemendum úr tveimur grunnskólum Reykjavíkurborgar en aðrir gátu notið tónleikana í gegnum streymi og útsendingu á RÚV.

Tónleikarnir voru túlkaðir á táknmáli af Eyrúnu Helgu Aradóttur. Kynnir var Vala Kristín Eiríksdóttir, leikkona.

### *Ungsveit SÍ*

Prufuspil til Ungsveitar SÍ 2020 voru rafræn í þeim deildum þar sem umsóknir voru fleiri en sæti sem í boði voru. Þótt Ungsveitarnámskeiðinu sjálfu þyrfti að fresta um ár tókst að halda eina raddæfingu að vori fyrir Ungsveitarmeðlimi sem var dýrmætt félagslega fyrir unga fólkið.

### *Tónlist á torgum í maí og ágúst*

Í maí var verkefninu Tónlist á torgum ýtt úr vör þar sem blásarar og slagverksleikarar léku utandyra á átta tónleikum. Leikið var fyrir framvarðasveitir í Covid-baráttunni og íbúa og starfsfólk hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu.

Í ágúst léku blásarar og slagverksleikarar fyrir leikskólabörn á opnum svæðum í samvinnu við Reykjavíkurborg á átta tónleikum auk þess að leika fyrir starfsfólk og sjúklinga á Landspítala v. Hringbraut en þeim tónleikum var streymt um spítalann.

### *Ung-yrkja*

Vinnustofa með Bjarna Frímanni Bjarnasyni, staðarhljómsveitarstjóra og Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáldi, fór fram í ágúst á í Eldborg og í gegnum fjarfundabúnað. Ung-tónskáldunum var þar með ýtt úr vör með tónverk sín sem flutt verða á Myrkum músíkdögum 2021, ef samkomutakmarkanir leyfa.

### *Afmælisveisla Beethovens - sjónvarpstónleikar*

Á fyrrnefndum afmælistónleikum Beethovens fyrir alla fjölskylduna var farið yfir ævi og afrek Beethovens í tali og tónum. Premur ungum einleikurum var boðið að taka þátt í þessu verkefni auk tæplega 200 manna ungmennakórs (Gradualekór Langholtskirkju, Skólakór Kársness, Kór Öldutúnsskóla og Stúlnakór Reykjavíkur). Tónleikarnir voru teknir upp og sýndir á RÚV fimmtudaginn 11. september.

### *Hljómsveitarstjóra-akademía SÍ*

Sinfóníuhljómsveitin kynnti nýjung í tónlistarnámi ungmenna á Íslandi, hljómsveitarstjóranám í Hljómsveitarstjóra-akademíu hljómsveitarinnar undir stjórn og leiðsögn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra og Bjarna Frímanns Bjarnasonar, staðarhljómsveitarstjóra. Akademían er fyrst og fremst vettvangur nemenda sem lokið hafa miðprófi hið minnsta í hljóðfæraleik eða söng. Umsækjendur fengu tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni á opinni æfingu og bauðst sex ungmennum þátttaka í akademíunni í framhaldinu.

### *Barnastund 3. október í Flóa*

Um 160 manns sóttu Barnastund Sinfóníunnar í Hörpu sem ætluð er yngstu áheyrendunum og fjölskyldum þeirra. Kynnir á tónleikunum var Steinunn Arinbjarnardóttir, leikkona.

### *Rafrænar póstkortasendingar til grunn- og leikskóla*

5. nóvember hófst rafræn póstkortasending til allra skóla á landsvísu með tónlistarkveðju frá hljómsveitinni. Þar sem hljómsveitin getur ekki boðið tónleikagestum í hús en langar að viðhalda fallegu vinasambandi við þá fjölmörgu sem hlýtt hafa á skólatónleika sveitarinnar í Hörpu, á landsbyggðinni eða í streymi, sendir sveitin hljómandi póstkort til allra skóla og leikskóla á landinu.

### **Upptökur**

Upptökur fór fram á vormánuðum á völdum köflum úr Dimmalimm eftir Atla Heimi Sveinsson og á ævintýrinu um Tobba túbu. Einng var tekið upp lag í haust með listamönnum GDRN og Flóna í tengslum við tónleikana Ný-klassík sem frestað hefur verið um óákveðinn tíma.

### **Innra starf**

Breyttar aðstæður síðustu mánuði hafa verið nýttar til þess að takast á við ýmis verkefni innan hljómsveitarinnar. Helst ber að nefna átaksverkefni í skjalavörslu, gerð starfsmanna- og

gæðahandbókar og endurbætur og uppfærsla á gagnagrunni SÍ, OPAS. Stefnumótunarvinnu sem hófst haustið 2019 hefur verið fylgt eftir með rýnihópum á fjarfundum þar sem framtíð hljómsveitarinnar og markmið hafa meðal annars verið rædd. Jafnlaunavottun fékkst á sumarmánuðum og fyrstu drög hafa verið lögð að því að innleiða grænu skrefin og undirbúa innleiðingu umhverfisstefnu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er stolt af því starfi sem hljómsveitinni hefur tekist að vinna úr hendi á síðustu mánuðum. Haldnir hafa verið yfir 50 tónleikar, stuttar heimsendingar fengið frábærar viðtökur auk endurflutnings á um 17 tónleikum úr safni hljómsveitarinnar. Okkur hefur tekist að halda áfram með öflugt fræðslu- og samfélagsstarf, haldið áfram að mennta ung-tónskáld og sett á laggirnar nýtt verkefni til þess að efla tækifæri fyrir unga og efnilega hljómsveitarstjóra. Sýnileiki hljómsveitarinnar hefur aldrei verið meiri og ber þar að þakka frábært samstarf við RÚV. Trú okkar er sú að við komum sterkari en áður út úr þessu óvenjulega tímabili. Leiðarljósi okkar er að miðla menningu til landsmanna allra og teljum við að hljómsveitinni hafi tekist að að efla samtal sitt við þjóðina. Við höldum víðsýnni inn í framtíðina.